

Starfslýsing efnahagshóps Kjaratölfræðinefndar

Kjaratölfræðinefnd (KTN) starfar samkvæmt samkomulagi heildarsamtaka á vinnumarkaði, forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Hagstofu Íslands og Ríkissáttasemjara sem undirritað var 15. maí 2019. KTN hefur falið efnahagshópi (EH) að safna, vinna úr og að greina helstu forsendur, stöðu og horfur í efnahagslífinu til að styrkja undirbúning kjarasamninga.

Verkefni hópsins er nánar tiltekið:

- a) Að leggja mat á stöðu og horfur efnahagslífsins þ.m.t. að greina efnahagsstefnuna m.t.t. opinberra fjármála og peningastefnu.
- b) Að lýsa alþjóðlegri efnahagsþróun með tilliti til áhrifa á efnahagslífið.
- c) Að leggja, eftir atvikum, mat á áhrif mismunandi þróunar launa, gengis og verðlags á framvindu efnahagslífsins.
- d) Að greina efnahagsþætti sem helst valda óvissu og óstöðugleika.
- e) Að greina stöðu og horfur á vinnumarkaði.
- f) Að lýsa launabreytingum og framleiðni vinnuafls í nálægum löndum.
- g) Að greina stöðu og afkomu heimila.
- h) Að greina framleiðniþróun helstu atvinnugreina hér á landi.
- i) Að greina samkeppnisstöðu og afkomu atvinnulífsins.

Vinnuhópurinn er skipaður einum fulltrúa frá eftirtöldum aðilum; stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði, stéttarfélögum á opinberum vinnumarkaði, Samtökum atvinnulífsins, launagreiðendum á opinberum vinnumarkaði og Hagstofu Íslands. Fulltrúum er heimilt að kalla inn staðgengil. Sérfræðingur Kjaratölfræðinefndar starfar með hópnum.

Greinargerðir vinnuhópsins eru unnar fyrir KTN og verða hluti af skýrslum nefndarinnar. EH starfar í umboði KTN og skulu efnistöð og greiningar hópsins ávallt koma til umfjöllunar og samþykktar á vettvangi nefndarinnar. Nefndin mun greiða götu þess að EH fái nauðsynleg gögn.

Í hópinn voru eftirtaldir tilnefndir á fundi KTN þann 6. janúar 2020:

Benedikt Þór Valsson, hagfræðingur, Samband íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi launagreiðenda á opinberum vinnumarkaði, sem leiðir hópinn,
Björn Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri efnahagssviðs Hagstofu Íslands,
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins,
Henný Hinz, hagfræðingur, fulltrúi stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði,
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur, fulltrúi stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði.